

MFR3A05-Miðlunarfræði

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari/kennarar: Guðbjörg Hilmarsdóttir Helga Krístrún Hjálmarsdóttir	Netfang/netföng: guðbjörg.hilmarsdóttir@borgo.is helga.hjalmarsdottir@borgo.is
---	---

Lýsing:

Í áfanganum er unnið að skapandi skrifum á sem fjölbreyttastan hátt. Nemendur fá æfingar sem hreyfa við hugsun og geta nýst sem kveikjur að skrifum. Áhersla er lögð á að nemendur vinni, smásögur, örsögur, stutt handrit, æviminningar, ljóð og heimildaritgerð.

Hugað er að muninum milli skapandi skrifa og hagnýtra skrifa. Hvað sé sameiginlegt og hvað sé ólíkt? Nemendur kynna sér (lesa og greina) útgefna texta eftir viðurkennda höfunda. Kynnt verða grundvallarvinnubrögð er varða skipulagningu og vinnubrögð. Farið verður yfir ferlið frá hugmynd til framkvæmdar í textavinnu þ.e. mótun, uppsetning, heimildaleit og úrvinnslu. Markmiðið er að auka gleði og öryggi við gerð texta af hvaða tagi sem er.

Í áfanganum vinna nemendur lokaverkefni sem byggir á fræðilegri þekkingu á tilteknu námssviði/sérgrein nemandans. Nemendur fá kennslu í heimildaritgerðarsmið og þjálfun í þeim fræðilegu vinnubrögðum sem tíðkast við vinnslu og frágang slíkrar ritgerðar. Ætlast er til að nemendur öðlist hæfni til að nýta fyrri þekkingu og skilning við úrvinnslu efnisins. Nemendur vinna undir verkstjórn kennara á sjálfstæðan hátt sem krefst frumkvæðis, sköpunar og ábyrgðar á eigin námi.

Nemendur þurfa að vera tilbúnir að deila verkum sínum með hinum og taka þátt í umræðum innan hópsins.

Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum sem tengjast skapandi skrifum
- hugtökum sem tengjast gerð heimildaritgerðar
- ólíkum leiðum sem hægt er að nýta sér í skrifum

Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- koma skapandi efni á framfæri á vel uppbyggðan, skýran og greinargóðan hátt
- finna hugmyndakveikjur í eigin lífi og samfélaginu
- nota fræðileg vinnubrögð við heimildaritgerðarsmið
- beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu efnis

Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta fyrri reynslu, þekkingu og skilning við úrlausn nýrra viðfangsefna
- breyta hugmynd í afurð með fjölbreyttum aðferðum
- nálgast rannsóknarefni á fræðilegan og sjálfstæðan hátt með vísun í heimildir
- greina og meta eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi
- vinna á gagnrýninn hátt

MFR3A05-Miðlunarfræði

Námsáætlun, vorönn 2023

Námsmat:

Skapandi skrif 50%

Heimildaritgerð 30%

Bókarýni 20%

Námsmatsþættir eru þrír og nemandi þarf að ná **50% af hverjum** þætti til að ljúka áfanga

Námsgögn:

Vertu úlfur höfundur Héðinn Unnsteinsson
Óskilamunir höfundur Eva Rún Snorradóttir

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að afla sér upplýsinga um námsefni og verkefni sem unnin eru í tímum sem þeir missa af.

Ef nemandi missir af verkefni vegna veikinda eða leyfis ber nemandi ábyrgð á að ræða úrlausn í næstu kennslustund sem hann mætir í.

Símar skulu eingöngu notaðir í verkefnavinnu undir stjórn kennara. Gerist nemandi uppvís um að afrita texta án þess að geta heimilda með viðeigandi hætti telst verkefnið ógilt.

Varðandi skil á verkefnum

Ætlast er til að nemendur skili öllum verkefnum á réttum tíma á INNU. Ef nemandi skilar ekki á réttum tíma gefst kostur á að skila þrem verkefnum á önninni.

4. – 9. febrúar. Gefst kostur á að skila einu verkefni fyrir tímabilið 6. janúar – 4. febrúar

13. - 17. mars. Gefst kostur á að skila einu verkefni fyrir tímabilið 10. febrúar - 10. mars

8. – 12. maí. Gefst kostur á að skila einu verkefni fyrir tímabilið 20. mars - 12. maí

MFR3A05-Miðlunarfræði

Námsáætlun, vorönn 2023

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Skipulag-ísbrjótur	Verkefni í Skapandi skrifum gilda 50%
2	9.-13. janúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	
3	16.-20. janúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	
4	23.-27. janúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	
5	30. jan- 3. febrúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	
6	6.-10. febrúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	Varða I Vorannahlé
8	20.-23. febrúar	Skapandi skrif: æfingar - verkefni	
9	28. febrúar- 3. mars	Skapandi skrif: æfingar - Rannsókn	
10	6.-10. mars	Skapandi skrif: æfingar - Rannsókn	
11	13.-17. mars	Skapandi skrif: Mín Saga	
12	20.-24. mars	Bókarýni	Varða II
13	27.-31. mars	Ritgerð 1. skil	Heimildaritgerð gildir 30% henni er skilað í 3 liðum.
14	3.-11. apríl	Ritgerð 2. skil	
15	12.-14. apríl	PÁSKALEYFI	
16	17.-21. apríl		
17	24.-28. apríl	Ritgerð 3. skil	Sumardagurinn fyrsti
18	1.-5. maí	Ritgerð 4. skil	Dagur verkalyðsins
19	8.-12. maí	Bókarýni	Bókarýni gildir 20%
20	15.-16. maí		Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.